



Í Hólavallakirkjugarði Sólkatla og Ísöld leiða hér hópinn í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík í gær, en þar lögðu þær, með Sóleyju Tómasdóttur forseta borgarstjórnar, blómsveig á leiði baráttukonunnar Brietar Bjarnhéðinsdóttur. Nokkur fjöldi sótti athöfnina sem var í tilefni kvennafridagsins í gær, 19. júní, og hundrað og eins árs afmælis kosningaréttar kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Kristín Björk, Elisabet Hanna og Kristín Dóra í Málglöðum. MYND/EYÞÓR

Boða sjálfsást

LÍFIÐ „Við vorum orðnar þreyttar á neikvæðri umræðu um líkama fólks og almennt neikvætt viðhorf til einstaklingsins,“ segir Kristín Dóra Ólafsdóttir. Hún, ásamt Kristínu Björk Smáradóttur og Elisabetu Hönnu Mariudóttur, breiðir í sumar út sjálfsástar-boðskap á vegum skapandi Sumarstarfa í Garðabæ.

Sjálfsást segja þær stölluð snúast um að hugsa fallega til sjálfs sín og hætta að brjóta sig niður. Fólk eigi að hugsa til sín eins og það hugsar til síns besta vinar. – gj / sjá síðu 26

Alvarleg síldarsýking greinist aftur í ungsíld

Sýking í síld sem fyrst varð vart árið 2008 hefur skotið sér niður að nýju.

NÁTTÚRA Í fyrsta skipti í fimm ár hefur greinst nýsmit af síldarsýkingu sem olli stórskaða á síldarstofninum.

Mælingar Hafrannsóknastofnunar á ungsíld í fyrra leiða í ljós nýsmit í sömu sýkingu og greindist í sumargotsíldarstofninum 2008, að því er fram kemur í skýrslu stofnunarinnar.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðstjóri á nytjastofnasviði Hafrannsóknastofnunar (Hafró), segir ekki vitað hversu alvarleg, eða útbreidd sýkingin er í yngstu síldinni.

900

þúsund tonna stofn hefur farið í 4-5 hundruð þúsund.

Þorsteinn segir óvissu meiri fyrst nýsmitið sé hjá ungsíldinni. „Þessi sýking hefur verið furðuleg því kennslubækurnar sögðu að þetta ætti allt að drepast. En við sjáum ennþá

mikið af sýktri síld í veiðistofninum,“ segir Þorsteinn. Sýkingin virðist hafa valdið minni skaða á síldarstofninum en óttast var í fyrstu en að sögn Þorsteins er frekari rannsókn þörf og enn ótímabært að gefa út upplýsingar um hversu víðtækt smitið er.

Hafró telur að hrygningarstofn síldarinnar nái lágmarki á næsta ári en hann hefur minnkað hratt á síðustu árum vegna affalla af völdum sýkingarinnar. Stofninn er talinn vera um 400 þúsund tonn. – shá / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

LÍFIÐ Kafað í fjölbreytt fataval tónlistargesta á tónlistarhátíðinni Secret Solstice sem lauk í gær. **24**

FRÉTTIR FA segir misræmi í hækkunum Póstsins. **8**

SKOÐUN Brynhildur Pétursdóttir efast um ágæti læsisátaks. **10**

SPORT Hamingjan breyttist í ógleði í Marseille. **12**

TÍMAMÓT Tvö ár eru frá stofnun Hjólreiðasambandsins. **16**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

BÓKAÐU SÓL Á SPOTTÞRÍS

Frá kr. **44.330**

SÓLARFERÐIR Á FRÁBÆRUM AFSLÆTTI

Heimsferðir


ALICANTE

Frá kr. **9.900**

FLUGSÆTI AÐRA LEIÐINA M/SKÖTTUM OG TÖSKU

Heimsferðir

Veður



Allhvöss austanátt í dag með talsverðri rigningu austanlands, en hægari vindur vestan til og skýjað með köflum. Hiti 6 til 18 stig, hlýjast á Vesturlandi. **SJÁ SÍÐU 18**

Aðgerðir flugumferðarstjóra valda töfum

KJARAMÁL Tafir urðu á millilandaflugi um Keflavíkflugvöll í gær vegna forfalla flugumferðarstjóra. Millilandaflug um flugvöllinn lá um tíma niðri í gærmorgun og í kjölfarið urðu seinkanir á flugi. Aðeins einn flugumferðarstjóri var á vakt vegna forfallanna.

„Flugumferðarstjórar hafa ekki verið viljugir til að taka aukavaktir núna eftir að lögin voru sett á,“ sagði Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia, við fréttastofu í gær og vísar til þeirra laga sem Alþingi setti á yfirvinnubann flugumferðarstjóra fyrir í mánuðinum.

Kjaraviðræður flugumferðarstjóra og Isavia virðast vera á viðkvæmu stigi. Hvorugur aðilinn gefur nokkuð upp um gang viðræðna. Ljóst er að deiluaðilar þurfa að hafa hraðar hendur þar sem þeir hafa aðeins fimm daga til viðbótar áður en deilunni er vísað í gerðardóm samkvæmt fyrnefndum lögum Alþingis.

„Það er fundur klukkan eitt á morgun [í dag] og viðræður hafa verið í gangi síðustu daga. Það var ákveðið að ræða það ekki í fjölmöldum hvernig viðræðum miðar áfram en það er fundur á morgun og við vonumst til að leysa þetta sem allra fyrst,“ sagði Guðni í gær. – lvp / þea

Flugumferðarstjórar hafa ekki verið viljugir til að taka aukavaktir núna eftir að lögin voru sett á.

Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia ohf.



Lentir aftur í Annecy



Fyrstu tveir að baki Karlalandslið Íslands í fótbolta lendir á flugvælinum í Annecy í Frakklandi í gærmorgun eftir ferðalagið frá Marseille. Þar kepptu Íslendingar við Ungverja á laugardag og endaði viðureignin með jafntefli liðanna. Liðið hefur aðsetur í Annecy á meðan á EM stendur. Næsti leikur er gegn Austurríki í St. Denis í nágrenni Parísar klukkan fjögur á miðvikudaginn, 22. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allar sveitir leita göngumanns

BJÖRGUN Allar björgunarsveitir Landsbjargar á höfuðborgarsvæðinu ásamt björgunarsveitum á Suðurnesjum voru kallaðar út í gær til að leita að breskum göngumanni. Maðurinn varð viðskila við samferðafólk sitt snemma á laugardag við Sveifluvatn norðan Kleifarvatns. Fólkíð hafði samband við lögreglu í gærmorgun.

150 manns tóku þátt í leitinni auk þess sem notast var við þyrlu Landhelgisgæslunnar, fjórhjól og tvo dróna. Þoka var og slæmt skyggni.

Maðurinn var enn ófundinn í gærkvöldi, en Jónas Guðmundsson, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, sagði að leitað yrði fram á nótt. – þv

Loka hluta gistihúss vegna óþrífnaðar

Eigandi gististaðarins Blöndubóls á Blönduósi neitaði að verða við óskum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur og segir þetta mál vera tittlingaskít.

FERÐAÞJÓNUSTA Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur ákveðið að loka hluta gistihússins Blöndubóls á Blönduósi þar til kröfum eftirlitsins verður fullnægt. Verður því ekki hægt að gista í þeim hluta hússins. Þetta er í annað skipti svo vitað sé á þessu ári að heilbrigðiseftirlit lokar gistaðstöðu fyrir ferðamenn hér á landi.

Ákvörðunin um þvingunarræði fyrir gististaðinn Blönduból var tekin á fundi heilbrigðiseftirlitsins þann 16. júní síðastliðinn. Eftirlitið ákvað að knýja á um úrbætur sem settar voru fram bréflaga tveimur dögum áður. Eigandi gistihússins neitaði að verða við beiðninni og setja fram úrbótaáætlun. Því hafi ekki verið um annað að ræða en að loka staðnum þar til kröfum hefur verið fullnægt.

„Við förum í skoðun á gistihúsinu og gerðum athugasemdir varðandi þríf. Vildum við að því yrði kippt í liðinn og settum við fram kröfur um að bætt yrði úr þrífum og að eigandi myndi setja áætlun af stað til úrbóta þar sem þrífum var ábótavant,“ segir Sigurjón Þórðarson, heilbrigðisfulltrúi. „Þessum tilmælum þverneitaði eigandinn að fara eftir og því ekki um neitt annað að ræða en að loka þeim hluta gistihússins tímabundið þar sem þríf voru ekki í lagi.“

Jónas Skaftason, eigandi Blöndubóls, er síður en svo ánægður með vinnubrögð heilbrigðisfulltrúans og segir þetta aðfarir gegn sér sem sprottnar eru upp úr einni færslu útleskra kvenna á Facebook þar sem þær sökuðu staðinn um óþríf.



Eigandi gististaðarins Blöndubóls á Blönduósi segir aðfarir gegn staðnum sprottnar upp úr Facebook-færslu erlendra kvenna. MYND/GOOGLE EARTH

Við förum í skoðun á gistihúsinu og gerðum athugasemdir varðandi þríf. Vildum við að því yrði kippt í liðinn og settum við fram kröfur um að bætt yrði úr þrífum.

Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra



„Það er nú bara þannig að þær pöntuðu gistingu í herbergi en vildu gistingu í sér gistihúsi sem ég er með. Því urðu þær ósáttar og dreifðu á Facebook einhverjum lygapósti,“ segir Jónas. „Þetta er byggt á miskilningi og tittlingaskít og því skil ég ekki alveg þessar aðfarir. „Ég hélt að hann væri að koma hingað út af frænnisliðmálum hjá Blönduósbæ. Hér í fjörunni liggur klósettappír og mannskítur úti um allt. Ég reyndi að sýna honum það en það skipti hann víst engu máli.“ sveinn@frettabladid.is



Vélorf



PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is

NX 300h SKARPARI Á ALLA KANTA

Lexus NX 300h hefur skarpari línur og sker sig úr fjöldanum með sportlegri hönnun sem gleður augað frá öllum sjónarhornum.

lexus.is



Telur rafmagnsbílinn vera raunhæfan kost fyrir fólk í dreifbýli

SAMGÖNGUR „Ég er mjög spenntur að sjá hvernig fyrsta útilegan verður og hvort ég ná að komast í Varmahlíð með börnin,“ segir Óskar Þór Vilhjálmsson, íbúi í Eyjafirði sem var á leið í sína fyrstu útilegu á rafmagnsbílnum sínum þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Ég fullhleð hann á Akureyri og ég ætti að ná í Varmahlíð í útileguna.“

Óskar Þór býr í Melgerði í Eyjafjarðarsveit, sem er staðsett 32 km sunnan Akureyrar. Hann segir það mjög hagkvæmt fyrir bíleigendur sem

þurfa að aka 30-50 kílómetra á dag til vinnu að eiga rafmagnsbíl. Það sé því ekki rétt nálgun að rafmagnsbílar séu aðeins fyrir þá sem búa í þéttbýli og vinni í þéttbýli.

„Bílinn er fullhladdinn þegar ég sest í hann að morgni. Stundum hleð ég hann í vinnunni en ég þarf þess ekki alltaf. Síðan, þegar vinnudegi lýkur, keyri ég heim og ég veit að rafmagnið er nægjanlegt fyrir bónusferð og svo að komast heim,“ segir Óskar Þór.

Hann segir einnig mikinn sparnað fölginn í þessu fyrirkomulagi „Við



Óskar Þór Vilhjálmsson, eigandi rafmagnsbíls í Eyjafirði

vorum að eyða um hálfri milljón á ári í bensinkostnað en með þessum hætti erum við aðeins að nota brot af því fjármagni í rafmagn. Því hentar þetta gríðarlega vel fyrir fólk sem þarf að keyra nokkra vegalengd til vinnu á hverjum degi.“

Óskar segir það hafa komið sér á óvart hversu gott hafi verið að eiga rafmagnsbílinn að vetri til í Eyjafirði. Veður geta verið válynd og snjóþynslí oft mikil. „Til að mynda þurfti ég aldrei að skafa af bílnum síðasta vetur. Ég set bílinn í hleðslu við heimkomu og stilli bílinn á að ég þurfi að fara inn í hann um hálf átta að morgni. Þegar ég kem út hefur hann hitað sig, hreinsað af sér snjó og krap og þegar ég sest inn í hann eru sætin heit, stýrið einnig og þetta er í raun allt annað líf.“ – sa



Hraðhleðslustöðvum á Akureyri hefur fjölgað á síðustu misserum og gerir rafbílaeigendum auðveldara um vik. MYND/ÓSKAR ÞÓR VILHJÁLMSOON

Starfsfólk LSH er beitt ofbeldi

HEILBRIGÐISMÁL Starfsfólk Landspítalans varð fyrir ofbeldi af hálfu sjúklunga á næstum því hverjum degi í fyrra. Alls voru skiptin 339, þar af 116 á bráðageðdeild. Árið 2014 voru skiptin 319 og árið 2013 voru þau 292.

Atvikin eru ólík, allt frá líkamlegu ofbeldi til ógnandi hegðunar.

Eyrún Thorstensen, deildarstjóri á bráðageðdeild Landspítalans, segir fjöldann eðlilegan miðað við starfsmena sem þar er. Þó sé hægt að grípa til aðgerða til að fækka atvikum, meðal annars með því að fjölga sjúkraplássum en nýtingarhlutfall hefur farið yfir hundrað prósent þegar mest lætur.

„Þetta er náttúrulega aukid álag á alla,“ segir Eyrún. – gag, þea



Íraskir hermenn búa sig undir orrustu. NORDICPHOTOS/AFP

Áttatíu þúsund flýja Fallúdsja

ÍRAK Um 80 þúsund íbúar Fallúdsja í Írak hafa flúið undanfarnar fjórar vikur. Her ríkisstjórn Íraks hefur setið um borgina í þeirri von að endurheimta hana frá hersveitum hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki.

Í tilkynningu Sameinuðu þjóðanna er ástandið í borginni kallað stórslys. Búið er við að allt að 25 þúsund flýi á næstu vikum.

Hjálparveitir Sameinuðu þjóðanna eru í miklum vandræðum með að útvega mat, vatn og lyf fyrir fyrrum íbúa borgarinnar sem margir hverjir hafast við undir berum himni fyrir utan borgina. Fjöldi flóttafólks er sagður gera hjálparveitum einkar erfitt fyrir. – þea

Síldarsýking greinist í ungsíld

Í fyrsta skipti í 5 ár greindist nýsmit af alvarlegri síldarsýkingu sem fyrst varð vart 2008. Mikið af síld drapst í byrjun en sýkt síld lifir þvert á kenningar. Hafrannsóknastofnun fylgist náið með þróun sýkingarinnar.

NÁTTÚRA Rannsóknir og mælingar Hafrannsóknastofnunar í fyrrahaust á ungsíld fyrir norðan land, sýna nýsmit í sömu alvarlegu sýkingu og greindist fyrst í sumargotsíldarstofninum árið 2008. Merki um nýsmit í stofninum hafa annars ekki verið teljanleg síðustu fimm ár.

Þetta kemur fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum 2015/2016 og aflahorfur fiskveiði-árið 2016/2017.

Þar segir frá bergmálmælingum á svæðinu frá Breiðafirði norður og austur um í Axarfjörð og í september og október í fyrra. Kemur fram að sýkingarhlutfall af völdum frumdýrsins Ichthyophonus hoferi í 2003-2006 árgöngum síldarinnar er enn hátt, eða um 30 til 40 prósent. „Sýkingarhlutfall í 2007 til 2009 árgöngunum hefur hins vegar verið að hækka síðustu tvö ár. Eins greindist sýking í tveggja ára síld norðanlands í vetur. Ljóst er að nýsmit á sér stað þótt það sé minna en árin 2009 til 2010. Mikilvægt er að fylgst verði vel með þróun sýkingarinnar.“

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri á nytjastofnasviði Hafrannsóknastofnunar, segir að ekki sé vitað á þessu stigi málsins hversu alvarleg, eða útbreidd sýkingin er í yngstu síldinni. Nýsmiðið sé hjá yngstu síldinni og óvissan því meiri en annars væri í mati á nýliðun stofnsins sökum þess að ekki er vitað hvort þetta veldur dauða í yngstu árgöngum síldarinnar.

„Þessi sýking hefur verið furðuleg því kennslubækurnar sögðu að þetta ætti allt að drepast. En við sjáum ennþá mikið af sýktri síld í veiðistofninum, þó það hafi auðvitað mikið drepist af völdum sýkingarinnar fyrstu tvö árin eftir að hún kom upp,“ segir Þorsteinn og því eru góðu fréttirnar þær að sýkingin



Síldin hefur orðið fyrir áföllum – sýkingu auk síldardauðans í Kolgrafarfirði þar sem 55.000 tonn drápu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þessi sýking hefur verið furðuleg því kennslubækurnar sögðu að þetta ætti allt að drepast.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun



virðist hafi valdið minni dauða í stofninum en í fyrstu var óttast og dæmi sýndu annars staðar frá. Ennþá er ótímabært að gefa út upplýsingar um hversu víðtækt smitið er, frekari rannsókn sé þörf, að sögn Þorsteins.

Hafrannsóknastofnun gerir ráð fyrir að hrygningarstofninn muni

Sýking drap 500.000 tonn

- Haustið 2008 varð ljóst að íslenska sumargotssíldin væri mikið sýkt af einfrumungnum Ichthyophonus hoferi.
- Upp úr því var farið í umfangsmiklar rannsóknir til að meta tíðni sýkingarinnar með sérstökum rannsóknarleiðngum hjá Hafrannsóknastofnuninni og með rannsóknum á veiðiafla síldveiði-

skipa. – Sýkingarhlutfallið var þá 34-70%.

- Talið var í upphafi að sýkt síld dræpist undantekningalaust eftir um 100 daga, en það hefur ekki gengið eftir hér.
- Sýkingin keyrði stofninn úr 900.000 tonnum í 400 til 500.000 tonn. Heimild: Ársskýrsla dýralæknis fisksjúkdóma 2014

á árunum 2005-2008. Hann minnkadi hins vegar hratt til ársins 2011 vegna affalla af völdum sýkingarinnar í stofninum, sem sýnir alvöru málsins.

Stofninn, eða fullorðin síld, er talin vera um 400.000 tonn.

svavar@frettabladid.is

Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.

- ★ Veitingastaðir
- ★ Stóreldhús
- ★ Mötuneyti

@ hafid@hafid.is

☎ 554 7200



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

EM LEIKUR

ÁFRAM ÍSLAND!

Kauptu NOTAÐAN BÍL af Brimborg og þú gætir unnið ferð fyrir tvo á úrslitaleik EM

Langar þig á úrslitaleikinn?



Verð: 4.290.000 kr.

Tilboðsverð: 3.890.000 kr.

Ford Mondeo Titanium HB32

Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 55.000 km.



Verð: 4.290.000 kr.

Tilboðsverð: 3.690.000 kr.

Ford Mondeo Titanium YOX82

Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 121.000 km.



Verð: 3.250.000 kr.

Tilboðsverð: 2.990.000 kr.

Citroën Berlingo Multispace DHE30

Skráður júní 2014, 1,6 HDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 45.000 km.



Verð: 2.990.000 kr.

Honda CR-V Executive BBJ46

Skráður desember 2010, 2,2 dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 171.000 km.



Verð: 2.190.000 kr.

Tilboðsverð: 1.890.000 kr.

Renault Megane Sport Tourer NLZ73

Skráður maí 2011, 1,5TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 85.000 km.



Verð: 3.190.000 kr.

Tilboðsverð: 2.990.000 kr.

Citroën C4 Picasso Seduction MAZ91

Skráður febrúar 2015, 1,6HDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 49.000 km. Í ábyrgð.



Verð: 1.950.000 kr.

Mazda2 Takara DAX52

Skráður maí 2014, 1,3i bensín, beinskíptur.
Ekinn 26.000 km.



Verð: 6.290.000 kr.

Tilboðsverð: 5.750.000 kr.

Ford Explorer Limited RYR50

Skráður desember 2012, 3,5i bensín, sjálfskíptur.
Ekinn 130.000 km.



Verð: 1.890.000 kr.

Tilboðsverð: 1.790.000 kr.

Ford Fiesta Titanium NPF32

Skráður september 2012, 1,4TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn 33.500 km.



Verð: 1.290.000 kr.

Tilboðsverð: 1.190.000 kr.

Ford Escape XLT TV331

Skráður maí 2007, 3,0i bensín, sjálfskíptur.
Ekinn 152.000 km.



Verð: 2.590.000 kr.

Tilboðsverð: 2.290.000 kr.

Ford Focus Trend Edition YXJ59

Skráður apríl 2014, 1,0i bensín, beinskíptur.
Ekinn 70.000 km.



Verð: 3.790.000 kr.

Tilboðsverð: 3.390.000 kr.

Ford Kuga Titanium AWD GGJ84

Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn 108.000 km.

► Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí ► Hagstætt uppítökuverð ► Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

NOTADIR.BRIMBORG.IS

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 8. til 30. júní fara í pott (athugið á ekki við um umboðssölubíla). Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 1. júlí. Í vinning er ferð fyrir tvo á úrslitaleik EM í knattspyrnu 2016 þann 10. júlí. Innifalið er flug með Ícelandair, gisting á glæsilegu hóteli og tveir miðar á úrslitaleikinn. Nánari upplýsingar um leikinn má finna á notadir.brimborg.is.

Öruggur staður til að vera á



Jarðarför þingkonunnar Jo Cox fór fram í gær. Hundruð mættu og vottuðu Cox virðingu sína en hún var myrt á fimmtudag. NORDICPHOTOS/AFP

Baráttan um Brexit hafin á ný í Bretlandi

Slagnum ver frestað eftir að Jo Cox var myrt. Fylkingarnar virðast jafnstórar sem vilja úr og vera í ESB.

BRETLAND Vote Leave, sem berst fyrir aðskilnaði Bretlands frá Evrópusambandinu, og Remain, sem berst fyrir áframhaldandi veru innan sambandsins, hófu aftur kosningabaráttu í gær eftir að hafa gert hlé á henni eftir morðið á þingmanninum Jo Cox á fimmtudag.

Cox var þingkona Verkamanna-flokksins og andvíg aðskilnaði, svokölluðu Brexit. Thomas Mair, sem ákærður hefur verið fyrir morðið, mætti fyrir dóm á laugardag. Spurður til nafns svaraði hann: „Drepum svikara, frelsi fyrir Bretland!“

Aðeins þrjú dagar eru nú í að kosið verði um framtíð Bretlands innan Evrópusambandsins og var kosningabaráttan beggja fylkinga á fullu skriði í gær.

Nigel Farage, formaður Sjálfstæðisflokks Bretlands og Brexit-sinni, sagði í gær að Vote Leave gæti enn borið sigur úr býtum en að morðið á Cox hefði haft umtalsverð áhrif á kosningabaráttuna. „Við vorum með vindinn í bakið þar til þessi harmleikur átti sér stað. Þegar þú tekst á við yfirvaldið verður þú að hafa meðbyr,“ sagði Farage.

Michael Gove, einn forsvarsmanna Vote Leave, sagði í viðtali við BBC í gær að eina leiðin til að standa við loforð ríkisstjórnarinnar um að fækka innflytjendum niður fyrir hundrað þúsund á ári væri aðskilnaður frá Evrópusambandinu. Hann sagðist þó ekki á móti innflytjendum. „Ég er stuðningsmaður innflytjenda en ég trúir því að til að styðja við bakið á flóttamönnum þurfum við að hafa stjórn á fjölda þeirra,“ sagði Gove. Undir þetta tók fyrrverandi borgarstjóri Lundúna, Boris Johnson. „Við þurfum að ná

44%

styðja Brexit og jafnmargir eru andvígir samkvæmt meðaltali skoðanakannanna Financial Times.

Við vorum með vindinn í bakið þar til þessi harmleikur átti sér stað.

Nigel Farage, formaður Sjálfstæðisflokks Bretlands



aftur stjórn á kerfi sem nú er algjörlega stjórnlaust,“ sagði Johnson.

David Cameron forsætisráðherra og George Osborne fjármálaráðherra voru harðorðir í garð stuðningsmanna Vote Leave í gær. Cameron sagði Breta geta valið um tvo valkosti. Annars vegar sýn Nigel Farage „sem færir Bretland aftur í fortíðina og sundrar frekar en að sameina“ og hins vegar „opið, frjálst Bretland, land sem kennir minnihlutahópum ekki um vandamál sín og lítur til framtíðar frekar en fortíðar“.

Þá varaði Osborne við efnahagslegum áhrifum Brexit. „Þetta er hlið inn í mun óruggari heim þar sem störf fólks eru í hættu,“ sagði Osborne. „Höflegt mat er að verg landsframleiðsla okkar væri fimm til sex prósentum minni,“ sagði hann einnig. thorgnyr@frettabladid.is

Vilja herstöðina burt



Mótmaelfundur Japönsk kona krefst þess að herstöð Bandaríkjanna fari frá eyjunni Ókinava. Þúsundir mótmaelfenda söfnuðust saman í borginni Naha á Ókinava í gær til að krefjast hins sama í kjölfar þess að bandarískur landgönguliði við herstöðina var sakaður um að nauðga og myrða japanska konu. NORDICPHOTOS/AFP

Líknardráp hefur verið gert löglegt í Kanada

KANADA Líknardráp hefur verið leitt í lög í Kanada eftir margra vikna deilur um málið í kanadíska þinginu. Frumvarpið var kynnt í apríl af ríkisstjórn Justin Trudeau, forsætisráðherra.

Fólk með ólæknalega sjúkdóma eða varanlega fötlun er því heimilt að binda enda á líf sitt með aðstoð lækna, kjósi það svo.

Kanada er með löggjöfinni eitt af fáum ríkjum heims sem hefur lögleitt líknardráp. Sjúklingar sem kjósa þennan valkost þurfa að uppfylla ýmis skilyrði, svo sem um andlega hæfni og að vera yfir átján ára. Sá varnagli er einnig sleginn að tvö vitni skulu vera viðstödd þegar sjúklingur skrifar undir beiðni um aðstoð lækna- is við að binda enda á líf sitt.

Miklar deilur voru í kanadíska þinginu vegna frumvarpsins því fjöldi þingmanna vildi víkka gildissvið laganna þannig að þau næðu einnig til þeirra sem þjást af hrönnunarsjúkdómum. Frumvarpið var að lokum samþykkt óbreytt og skilgreina lögin líknardráp nokkuð þröngt. Þá er einungis tekið tillit til líkamlegrar þjáningar, ekki andlegrar. – pv

Beltoner Legend™ heyrnartæki tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

Beltone Legend™
Enn snjallara
heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

**Þetta er meira en bara bíll.
Þetta er skjöldur fyrir það sem
skiptir mestu máli.**



Volkswagen

Segir Íslandspóst fara á svig við lög

Misræmi í hækkunum á gjaldskrá Íslandspósts er harðlega gagnrýnt af Félagi atvinnurekenda. Einkaréttarvarin þjónusta hækkar um tugi prósent en samkeppnishluti lítið sem ekki neitt. Fullyrt að PFA vanræki lögbundið eftirlitshlutverk sitt.

VIÐSKIPTI Félag atvinnurekenda (FA) hefur skrifað Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) bréf þar sem vakin er athygli á tíðum og miklum hækkunum á gjaldskrá Íslandspósts á þeirri þjónustu sem fyrirtækið hefur einkarétt á að veita – og einna helst á þeim flokki sem fyrirtæki nýta helst til samskipta við sína viðskiptavini.

Eins að verðskrá fyrir þá þjónustu Íslandspósts sem er í samkeppni við starfsemi einkaaðila hefur ekki hækkað í neinu samræmi.

Bréfritari Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, tekur dæmi þar sem hann sýnir fram á að Magnpóstur B – flokkurinn sem fyrirtæki nýta helst – hefur hækkað um 46,2 prósent frá ársbyrjun 2014. Pakkasending – sem fellur undir samkeppnishlutann – hefur á sama tíma hækkað um 3,1 prósent.

„Þessi munur vekur furðu og margar spurningar. Verðskrárhækkun vegna bréfa í einkarétti um síðustu mánaðamót var þannig réttlætt með vísan til meiri launahækkana í kjarasamningum en Íslandspóstur gerði ráð fyrir í áætlunum sínum. Auka þær hækkunar ekki kostnað vegna pakkasendinga, ekki síður en vegna bréfasendinga,“ spyr Ólafur í bréfi sínu.

Sú mynd blasir við að ríkisfyrirtækið ástundi undirverðlagningu þess hluta alþjónustunnar sem er í samkeppni við einkaaðila.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA



Í bréfinu rekur Ólafur hvernig afkoma samkeppnisrekstrar Íslandspósts innan alþjónustu snarversaði árið 2013 – sem skýrist afbreytingum á því hvernig úthlutun kostnaðar er færð á einstaka starfsþætti. Þegar samkeppnishlutinn innan alþjónustu og utan hennar er borinn saman fullyrðir Ólafur að sú „mynd blasir við að ríkisfyrirtækið ástundi undirverðlagningu þess hluta alþjónustunnar sem er í samkeppni við einkaaðila.“ Það telur Ólafur að gangi gegn lögum um pósthjónustu.

Í bréfinu segir að ljóst sé að PFS hafi ekki rækt það hlutverk sitt að hafa eftirlit með gjaldskrá Íslandspóst vegna samkeppnisrekstrar innan



Breytingar á gjaldskrá Íslandspósts eru harðlega gagnrýndar. MYND/ÍSLANDSPÓSTUR

alþjónustu – þjónustan sé rekin með „hvínandi tapi vegna undirverðlagningar“, sem gangi þvert á lög.

Eins er vakin athygli á því í bréfinu að samkvæmt starfsleyfi Íslandspósts skuli fyrirtækið upplýsa um skilmála þeirrar þjónustu sem það veitir – og geri þær aðgengilegar á heimasíðu fyrirtækisins, afgreiðslustöðum og

viðar. Á þessu sé hins vegar mikill misbrestur og á sama tíma séu sterkar visbendingar um að Íslandspóstur hafi náð til sín viðskiptum eins og bögglasendingum með undirverðlagningu. „Engu að síður hefur FA séð skjalfest dæmi þess að PFS neiti keppinautum Íslandspósts um að ganga á eftir því við ríkisfyrirtækið að

það birti afsláttarskilmála sína opinberlega, líkt og löggjafinn hefur ætlast til,“ segir í bréfinu.

Í niðurlagi bréfsins segir Ólafur þessa þróun mikil áhyggjuefni og heilbrigðu samkeppnisumhverfi í pósthjónustu sé stefnt í hættu vegna vanrækslu PFS á lögbundnu eftirlitshlutverki sínu. svavar@frettabladid.is

MOWER sláttuvélar með Briggs&Stratton bensínsmotor



42.990
34.392

20%
AFSLÁTTUR

MOWER CJ18
Sláttubreidd 46cm. BS 3,5hp mótör, rúmtak 158 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-85mm/8



66.990
53.592

MOWER CJ20 Sláttuvél m/ drifi, BS 6,0 hp mótör, sláttubreidd 51cm. Rúmtak 190 CC, skurðarvídd 51cm/20", sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-75mm/8

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Hornsteinn lagður að Vígðisastofnun

SAMFÉLAG Hornsteinn var lagður að húsi Stofnunar Vígðisar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum í gær, 19. júní, á réttindadegi kvenna.

Vígðis Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, lagði hornsteininn að byggingunni ásamt Jóni Atla Benediktssyni, rektor Háskóla Íslands.

Vígðis sagði í ræðu sinni að hún væri stolt af því að Íslendingar skuli með byggingu hússins geta minnt á ómetanlegt gildi tungumála heimsins með þá visku sem þau geyma.

Byggingin mun hýsa Vígðisastofnun, alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar sem starfar undir merkjum UNESCO.

Í húsinu verður einnig starfrækt fræðslu- og upplifunarsetur auk þess sem þar verður að finna aðstöðu fyrir fyrirlestra og fleira. Jón Atli Benediktsson segir stofnunina skipta gríðarlega miklu máli fyrir rannsóknir og kennslu í erlendum tungumálum.

Vígðisastofna, tileinkuð Vígðis Finnbogadóttur, verður þar að auki í húsinu en þar verður hægt að fræðast um líf hennar og störf.

Áætlað er að byggingin verði formlega tekin í notkun vorið 2017. – þv



Vígðis Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, lögðu hornsteininn að Vígðisastofnun í gær. MYND/HÁSKÓLI ÍSLANDS

Siemens kæliskápar á sumartilboði.



Kæliskápur KG 36VUW20

Hvítur, 186 sm. Útdraganleg „crisper-Box“- skúffa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. LED-lýsing. „lowFrost“-tækni: Lítil klakamyndun. Stór „bigBox“-frystiskúffa. Hraðfrysting. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.

Tilboðsverð:

74.900 kr.

Fullt verð: 94.700 kr.



Kæliskápur stál 186 sm KG 36VVI32

Stál, 186 sm. Orkuflokkur A+. Útdraganleg „crisperBox“-skúffa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. LED-lýsing. „lowFrost“-tækni: Mjög lítil klakamyndun og affrysting auðveld. Stór „bigBox“-frystiskúffa. Hraðfrysting. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.

Tilboðsverð:

104.900 kr.

Fullt verð: 133.900 kr.

SIEMENS

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



RENAULT
Passion for life

Mest seldu sendibílar Evrópu í 18 ár



KÍKTU Í KAFFI OG REYNSLUAKTU

Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.

RENAULT KANGOO, DÍSIL 1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: 2.411.000 kr. án vsk.
2.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km*

RENAULT TRAFIC, DÍSIL 1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL

Verð frá: 3.379.000 kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá 6,5 l/100 km*

RENAULT MASTER, DÍSIL 2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL

Verð frá: 3.992.000 kr. án vsk.
4.950.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 7,8 l/100 km*

www.renault.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Bestu vinir



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Dýr efla hið góða í manneskjunni. Þau sýna skilyrðislausu ást en krefja mann ekki um ást," sagði Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir í föstudagsviðtali Fréttablaðsins fyrir helgi. Sigurborg ræddi meðal annars hundahald í þéttbýli, en hundaeigendum hefur verið tíðrætt um hversu óvelkomnir hundar séu víðast hvar. Sigurborg ræddi sögulegar skýringar þessarar óvildar, þegar heilasulli var útrýmt hér með hundahreinsunum.

Hundar eru sannarlega óvelkomnir víða. Eigendum er óheimilt að notast við almenningsangangur með dýr sín, en þau eru algeng sýn víða erlendis í lestum og strætisvögnum, rétt eins og á kaffihúsum, verslunum og annars staðar úti meðal fólks. Þá er réttur þeirra hér til íbúðar í fjölbýlishúsum takmarkaður.

Hundar og kettir hafa fylgt manningum frá örófi alda. Eðlilega getur sambúð dýra í nábýli við annað fólk en eigendur þeirra valdið árekstrum og rétturinn til að halda gæludýr takmarkast af rétti nágretta til að lifa sínu lífi án óþæginda og ónæðis sem dýrin geta valdið. Því fylgir ábyrgð að eiga gæludýr gagnvart bæði öðru fólki og umhverfinu. Hunda- og kattahald í fjölbýlishúsum er bannað, nema með samþykki annarra eigenda. Tveir þriðju hluti eigenda þurfa að samþykkja dýrin.

Í maí vakti athygli barátta þriggja hundaeigenda í Stakkholti fyrir því að fá að hafa hundana sína í blokkinni. Eigendurnir sögðust hafa lagt sig fram við að láta sem minnsta truflun vera af hundunum. Þeim hafi ekki fylgt óþrifnaður, lítið hafi heyrst í þeim og þeir komi sáralítið inn í sameign hússins. Svo fór að þeim var gert að losa sig við hundana.

Eigendur hafa stjórnarskrárvorinn rétt til að gera það sem þeir kjósa í hóbýlum sínum, svo fremi sem það hefur ekki ónæði eða röskun fyrir aðra í för með sér. Mönnum er frjálst að hagnýta eignir sínar á hvern þann hátt sem telst löglegur, eðlilegur og venjubundinn. Rétt eins og eigandi á almennt ekki kröfu á því að nágrennar hans taki, við hagnýtingu sinna eigna, tillit til veikleika hans eða viðkvæmni. Mörkin milli þess, sem leyfilegt er og óleyfilegt, þess sem umbera verður og þess sem ekki má, eru ákvörðuð samkvæmt almennum mælikvarða.

Auðvitað eru til sjónarmið sem styðja það að reglur þurfi að vera til um gæludýrahald í þéttbýli en það sama má segja um svo margt annað. Hvað með reglur til að vernda fólk gegn lélegum tónlistarsmekk nágrenna, mikilli framkvæmdagleði eða hverju öðru sem getur skert lífsgæði í fjölbýlishúsum?

Þegar ágreiningur kemur upp í fjöleignahúsi, eins og annars staðar í mannlegum samskiptum, er meginreglan sú að fólk leysir úr þeim vandamálum sín á milli en hægt er að leita ásjár réttarvörslu-kerfisins ef vandamálið keyrir um þverbak. Auðvitað er þessi leið töluvert skárrí en boð og bönn um hvað menn megi gera heima hjá sér. Þess vegna er það illskiljanlegt af hverju dýraeigendur séu einir teknir út fyrir sviga burt séð frá því hvort eiginlegt vandamál er til staðar. Hvers eiga þeir að gjalda?



Eigendur hafa stjórnarskrárvorinn rétt til að gera það sem þeir kjósa í hóbýlum sínum, svo fremi sem það hefur ekki ónæði eða röskun fyrir aðra í för með sér.

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Halldór



Frá degi til dags

Afgirtur forsætisráðherra
Forsætisráðherra þjóðarinnar, Sigurður Ingi Jóhannsson, sagði í árlegri ræðu sinni á þjóðhátíðardegi Íslandinga, kyrfilega afgirtur í þokkabót, að þjóðarmeinið á Íslandi sé ójöfn skipting auðsins í landinu. Sagði Ísland auðugt land með gnægd auðlinda auk mannaauðs. „Fólk hefur ekki þol fyrir óréttlátri skiptingu þar sem sumir fá að njóta á meðan aðrir gera það ekki. Sérstaklega á þetta við þegar tilfinning fólks er sú að sumir fái fleiri og betri tækifæri en aðrir.“ sagði forsætisráðherrann. Áhuga-verð breyting á stuttum tíma þegar það var „óneitanlega flókið að eiga peninga á Íslandi.“

Varnaglenn

En það er hinsvegar áhugavert að skoða þessi orð forsætisráðherrans. Fólk sum sé þolir ekki óréttláta skiptingu þegar fólk hefur tilfinningu fyrir því að sumir fái betri tækifæri en aðrir. Forsætisráðherrann setur þarna snyrtilegan varnagla. Það þarf nefnilega ekkert að vera svo að sumir fái fleiri og betri tækifæri en aðrir. Það þarf ekki að vera að skiptingin sé óréttlát. Þjóðin þolir bara ekki hugmyndina um óréttlát samfélag. Það er kannski þannig, þegar öllu er á botninn hvolft, að lítið hafi breyst frá því í maí 2013. Gæti verið að núverandi forsætisráðherra sé sammála fyrirrennara sínum, að rof milli skynjunar og veruleika fólksins í landinu sé um að kenna? sveinn@frettabladid.is

Efasemdir um læsisátak



Brynhildur Pétursdóttir
Þingmaður
Bjartrar framtíðar

Ég er verulega gagnrýnin á læsisátak menntamálaráðherra; þjóðaráttak um læsi sem mun kosta 132 milljónir kr. á ári í 5 ár samkvæmt svari sem ég fékk nýlega frá menntamálaráðuneytinu. Stærsti kostnaðarlíðurinn snýr að ráðningu læsisráðgjafa sem ferðast um landið og eiga að ráðleggja kennurum. Einnig er unnið að þróun skimunarprófa hjá Menntamálastofnun og gerð heimasíðu svo eitthvað sé nefnt. Nú hefur stór hluti ráðgjafanna sagt upp störfum og samkvæmt fréttum tekur aðeins lítið hluti sveitarfélaga þátt í atakinu. Ég hef á tilfinningunni að þessi ráðstöfun á almannaþé sé afar misráðin og skili ekki tilætluðum árangri. Ég velti líka fyrir mér hvort að „átak“ þurfi endilega að kosta hundruðir milljóna. Ef markmiðið er að efla lestrarkennslu er örugglega hægt að gera það með samstilltu átaki sem rúmast innan þess fjármagns sem við setjum nú þegar í grunnskólana og Menntamálastofnun.

Á sama tíma og ráðherra er reiðubúinn að setja meira en 600 milljónir í læsisátakið eru útgjöld á hvern nemanda á bæði framhaldsskólastigi og háskólastigi hér á landi undir meðaltali OECD-rikkjanna og mun lægri en annars staðar á Norðurlöndum. Ég hefði haldið að það væri forgangsríði að tryggja fjármuni í menntakerfið eftir langvarandi niðurskurð og því kemur á óvart að til séu peningar í nýtt verkefni. Verkefni sem mér finnst ekki nógu vel skilgreint en ég hef itrekað kallað eftir að fá í hendur þá verkáætlun sem lá til grundvallar áður en því var hleypt af stokkunum.

Átakið hófst árið 2015 og er ætlað að standa í fimm ár eins og áður sagði. Mikilvægt er að menntamálaráðherra sé á hverjum tíma óhræddur við að greina hvort þessi fjárútlát séu að skila tilætluðum árangri. Það er jú á hans ábyrgð að þeir takmörkuðu peningar sem settir eru í menntakerfið nýtist sem best.



Ég hef á tilfinningunni að þessi ráðstöfun á almannaþé sé afar misráðin og skili ekki tilætluðum árangri.



FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Með verri vitund

Í DAG



Guðmundur
Andri
Thorsson
rithöfundur



Rasisminn er alltaf gegn betri vitund; með verri vitund. Auðvitað veit flest fólk ósköp vel að maður á ekki að dæma milljarða manna eftir framgöngu nokkurra glæpamanna eða ærðra öfgamanna.

U mheimurinn fylgist skelkaður með framgangi Donalds Trump í bandarísku forsetakosningunum. Það er ein af ráðgátum seinni tíma hversu vel honum hefur vegnað og gefur ekki ástæðu til bjartsýni um stjórnmalábróun næstu ára. Sennilega þurfum við ekki að óttast að kauði verði á endanum kosinn forseti – en hvað svo sem veit maður? Hann hefur þegar náð miklu meiri árangri en nokkurn óraði fyrir.

Wrestling-væðing stjórnmálanna Donald Trump er eins og vondi kallinn í Batman-mynd. Hann daleiðir lýðinn með einföldum orðum og sjónarspili; stórkarlagum yfirlýsingum og mannalátum, firrum og frodufellingum. Hann er hinn karnivalíski framþjóðandi; hefur endaskipti á staðreyndum og fádæma ruddalegt fas, gerir allt sem ekki má; hann er Hans Klaufi sem kom á geithafri með drullu og dauða kráku til að vinna hylti konungsdótturinnar. Hann kemur fram sem fulltrúi hinna allslausu sem engin tækifæri fá og hafa verið settir hjá í glóruslausri þróun einspröskskapitalismans, sem um síðir mun tortíma sjálfum sér. En sjálfur er Trump dekraður forréttindapési sem sóað hefur ævintýraleikum föðurauði í heimskupör og sjálfsdýrðarbrótt, án þess að verulega hafi gengið á sjóðinn.

Hann geflar sig eins og Mussolini og gargar eins og Hitler; eins og þeir hefur hann ekki til að bera snefil af þokka og er gjörneysyddur annarri útgeislun en þeirri sem nógu öflugt hatur getur hugsanlega kreist fram kringum þig. Ahorfendur lyfta honum, múgurinn skapar hann. Stemningin á samkomum hans er eins

og á rokktonleikum þar sem allir eru komnir saman til að stilla saman hugi sína og fá styrk af fjöldanum; múgurinn getur verið ægilegt afl því að einstaklingarnir afsala sér eigin gagnrýnni hugsun þar. Fastur liður á þessum skemmtunum er þegar athyglin beinist að einhverjum sem kominn er til að mótmæla yfirgengilegum málflutningnum – þá veinar framþjóðandinn á mótmælendur og sigar múgnum á þá, segist munu greiða allan kostnað við hugsanlegar bætur og mál-sóknir en gefur nánast grænt ljós á að gengið sé í skrokk á mótmælendunum. Sennilega er þetta allt saman sviðsett eins og svo margt kringum Trump; framboð hans er vitnisburður um Wrestling-væðingu stjórnmálanna þar vestra en sú svonefnda íþrótt er sem kunnugt er eitt samfelld leikrit. Donald Trump virkar á mann sem gegnheilt feik. Sjónarspil þar sem ofbeldið er dýrkað í öllum sínum ömurlegu myndum.

Að veita heimskunni lögmæti Rasisminn er alltaf gegn betri vitund; með verri vitund. Auðvitað veit flest fólk ósköp vel að maður á ekki að dæma milljarða manna eftir framgöngu nokkurra glæpamanna eða ærðra öfgamanna – sjálfur er ég til dæmis einhvers konar útgáfa af hvítum, kristnum, miðaldra karlmanni sem ann sínu landi og þjóð, en ég myndi aldrei vilja láta dæma mig eftir hryðjuverkamanninum sem myrti nú nýlega þá skeleggu ensku þingkonu Jo Cox, æpandi sína útgáfu af Alla Akhbar – Bretlandi allt, eða eitthvað þess háttar. Eins sér fólk upp til hópa að það er fullkomlega galin hugmynd að reka alla

múslima burt frá Bandaríkjunum í kjölfar þess að frústreraður skápahommi framdi hryðjuverk í Orlando þegar hann skaut fólk af handahófi inni á klúbbi hinsegin fólks, þótt hann segðist að vísu vera áhgangandi ISIS.

En Trump fær ískyggilega mikinn hlómgrunn í verri vitund fólks með sinn skelfilega hatursáróður; sem einna helst má kannski líkja við rausið í sumum klerkum í moskum hér og þar, þegar þeir predika hatur á samfélaginu sem þeir og áheyrendurnir búa í. Þetta er sama liðið; hatursliðið gegn okkur venjulegu fólk.

Hjá áhgangendum Trump blandast reiði yfir óréttlæti og andúð á forréttindum saman við tortryggni gagnvart því sem vísindi og fjölmiðlar og aðrar opinberar sannleiksveitur segja okkur um heiminn.

Þetta hugarástand sem Trump hefur tekist að virkja breiðist út um Bandaríkin og á það duga engin rök eða upplýsingar, því að áhgangendur hans verða bara enn reiðari þegar þeir eru leiðrættir. Þeir vilja vera reiðir. Þeir finna til sín í reiðinni og ofsanum og því fylgir einhvers konar fró að taka sér stöðu í firrunni. Hver segir að jörðin sé kringlótt? Hvar stendur að við séum kominn af öpum? Og mættum við fá að sjá fæðingarvottorð Obama!

Nú kemur repúblikönnum í koll að hafa um árabli leitað við að grafa sífellt undan skynsemi, upplýsingu og þekkingu í málflutningi sínum; þeir buðu meira að segja upp á – og fengu kosinn – Georg W. Bush á sínum tíma sem frá fyrstu tíð talaði og hagaði sér sem eindregið flón, og reyndist líka slíkur sem forseti.

Kannski verður Trump ekki kosinn. En með framgöngu sinni hefur hann veitt heimskunni enn meira lögmæti en áður. Hann hefur fært út mörk hins ásættanlega í málflutningi. Hann er fulltrúi valdhyggju og ofbeldisdýrkunar. Hann greiðir götuna fyrir fasismann, sem nú ríður í hlað, eins og sagði forðum í klassísku kvæði Þórarins Eldjárn, Góður gestur á Bakka, þar sem allt er satt og rétt, nema hugsanlega þessi lína hér, í tilvikum Trumps að minnsta kosti: „Velgreiddur maður í vönduðum jakka ...“

Við viljum öll hjálpa – hjálpum þá!



Kristín S.
Hjálmtýsdóttir
framkvæmda-
stjóri Rauða
krossins



Móttaka sýrlensks flóttafólks sem hingað kom í boði stjórnvalda í byrjun árs hefur gengið framur vonum. Fjölskyldurnar, og börnin sérstaklega, vaxa og dafna í því framandi umhverfi sem eyja í Norður-Atlantshafi vafalaust er. Þetta hefur þó ekki gerst af sjálfu sér, heldur hefur kostað mikla og óeiginlegu vinnu margra sjálfboðaliða og sérfræðinga.

Í dag er Alþjóðlegur dagur flóttafólks, 20. júní. Aldrei í mannskynssögunni hefur fjöldi flóttafólks verið meiri en einmitt nú. Samkvæmt mati Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna teljast um 60 milljónir einstaklinga til flóttafólks. Þar af eru um 20 milljónir sem hafa neyðst til að yfirgefa heimaland sitt vegna vopnaðra átaka eða ofsókna en 10 milljónir þeirra eru börn.

Þetta eru tölur sem þú, lesandi góður, hefur líklega heyrt áður. En á bak við þessar sláandi tölur er fólk, venjulegt fólk eins og ég og þú, fólk sem þráir ekkert annað en friðsamlegt og öruggt umhverfi til að vaxa og dafna, finna hæfileikum sínum farveg og að tryggja börnum sínum eins farsæla framtíð og kostur er á. Venjulegt fólk, í óvenjulegum aðstæðum. En þetta vitum við öll.

Í síðasta mánuði birti Amnesty International niðurstöður úr könnun sem framkvæmd var í 27 löndum. Í ljós kom að um 80% almennings, um allan heim, er hlynntur því að taka á móti flóttafólki. Þetta er yfirgnæfandi meirihluti og engin ástæða til að ætla annað en að afstaða Íslendinga sé á sama veg, þótt við höfum látið lítið að okkur kveða í móttöku flóttafólks (jafnvel miðað við hina frægu höfðatölu).

Rétt er þó að fagna því sem vel er gert. Móttaka sýrlensks flóttafólks sem hingað kom í boði stjórnvalda í byrjun árs hefur gengið framur vonum. Fjölskyldurnar, og börnin sérstaklega, vaxa og dafna í því framandi umhverfi sem eyja í Norður-Atlantshafi vafalaust er. Þetta hefur þó ekki gerst af sjálfu sér, heldur hefur kostað mikla og óeiginlegu vinnu margra sjálfboðaliða og sérfræðinga.

En betur má ef duga skal og verkefni framundan eru stór og mikil. Næsta markmið, sem stefna þarf að og ná sem fyrst, er að jafna aðstöðumun kvótaflóttafólks annars vegar og hælisleitenda hins vegar. Fjöldi fólks sem sækir um alþjóðlega vernd á Íslandi hefur aldrei verið meiri. Stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, geta gert miklu betur í málum þeirra sem fá slíka vernd. Margt af því fólk

lendir í miklum vanda á vinnu- og húsnæðismarkaði og þarf að líða miklar þrautir við að aðlagast lífinu á Íslandi. Þessu þarf að breyta. Allir sem búa á Íslandi eiga að hafa jafna möguleika hvaðan sem þeir koma og hver svo sem þeirra stada er. Á því sviði getum við verið öðrum ríkjum fyrirmynd.

Fyrir rúmum 30 árum lét ungur tónlistarmaður hafa eftir sér ummæli sem hafa orðið langlíf, sem eiga ef til vill vel við: „Það skiptir ekki máli hvað þú getur, heldur hvað þú gerir.“ Það leikur enginn vafi á því hvað við getum. En nú ættum við að hefjast handa við að gera.

Hreinsum glugga og klæðningar á öllum stærðum húsa



Vanir menn - Vönduð vinnubrögð.



HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTAN EHF

Sími 555 6855

www.husfelag.is

husfelag@husfelag.is

Suður England 12. – 17. ágúst



**Sjö daga ferð um Suður England
Ein af vinsælustu ferðunum okkar**

Ekið um borgir og þorp í hjarta Englands og komið víða við. Skemmtileg og fræðandi ferð. Skoðunarferðir alla daga og hálf tæði innifalið. Flogið með Icelandair. Fararstjóri er Emil Örn Kristjánsson
Verð frá 174.200,-



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar

Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515 • outgoing@gjtravel.is • www.ferdir.is



Gylfi Þór Sigurðsson gat ekki leynt vonbrigðum sínum eftir að Rússinn Sergei Karasev flautaði til leiksloka í leik Íslands og Ungverjaland. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hamingjan breyttist í ógleði á einu augabragði í Marseille

Ísland gerði sárgrætilegt jafntefli við Ungverjaland í Marseille á laugardag en jöfnunarmarkið kom undir lok leiksins og var sjálfsmark Birkis Más Sævarssonar. „Ég tek þetta bara á mig,“ sagði Birkir Már.



Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirukur@365.is



FÓTBOLTI Ísland var örfáum mínútum frá því að tryggja sér nánast öruggt sæti í 16-liða úrslitum EM í Frakklandi en strákarnir okkar misstu niður 1-0 forystu gegn Ungverjalandi á lokamínútum leiksins á Stade Vélodrome á laugardaginn. Birkir Már Sævarsson varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark á 88. mínútu sem var sem blaut tuska í andlit liðsins, sem og þjóðarinnar allrar.

Gylfi Þór Sigurðsson hafði komið Íslandi yfir úr vítaspyrnu í fyrri hálfleik sem Aron Einar Gunnarsson fékk. Þrátt fyrir að Ungverjar hafi verið miklu meira með boltann gekk þeim illa að skapa hættuleg færi og áttu Íslendingar bestu færi leiksins. Jóhann Berg Guðmundsson komst nálægt því að skora snemma leiks og Kolbeinn Sigþórsson fékk einnig gott færi.

Eftir jöfnunarmarkið fékk svo varamaðurinn Alfred Finnbogason aukaspyrnu á vítateigslínunni. Gylfi Þór tók spyrnuna en boltinn fór af varnarveggnum og beint fyrir fætur annars varamanns, Eids Smára Guðjohnsen, sem skaut í

varnarmann og framhjá. Um leið var leikurinn flautaður af við gríðarlegan fögnuð Ungverja. Niðurstaðan 1-1 jafntefli og er Ísland í öðru sæti F-riðils með tvö stig.

„Ég hugsaði ekki um hvort ég hefði getað gert eitthvað annað. Ég hugsaði bara um að hitta hann vel og örugglega en ég smellhitti boltann,“ sagði Eidur Smári þegar liðið var komið aftur til Annecy í gær. Eidur spilaði ekkert í fyrsta leiknum gegn Portúgal og var gríðarlega vel fagnað þegar hann kom inn á.

Þetta var bara ömurlegt

